

133. fundur stjórnar Spítalans okkar.

Haldinn í Grósku þann 2.júní 2026 kl. 17:00.

Mættir voru úr stjórn Spítalans okkar: Þorkell Sigurlaugsson formaður, Berglind Magnúsdóttir, Gunnlaug Ottesen, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Árni Már Haraldsson, Gunnar Bjarni Ragnarsson. Áslaug Eva Björnsdóttir boðaði forföll.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bar upp tillögur um að Gunnlaug yrði varaformaður, Berglind ritari og Áslaug gjaldkerfi. Samþykkt.

2. Frá formanni

Formaður sagði frá fundum sínum við Sigurði Stefánsson framkvæmdastjóra Aflvaka sem koma að hugsanlegri uppbygginu öldrunar og endurhæfingarþjónustu á Gunnarshólma og margvíslegri annarri aðstöðu sem þar yrði svo sem útleiga íbúða eins og í Mörkinni, mörg herbergi fyrir hvíldarinnlög, stúdentaíbúðir og almennar íbúðir til útleigu eða sölu, Margt af þessu gert til að létta álagi á Landspítala. Aðilar eru komnir nokkuð áleiðis í undirbúningi. Einnig greindi hann lítillegum og góðum fundi með stjórn Félags eldri borgara í Reykjavík (FEB).

3. Málþing haustið 2026

Rætt var um hugmyndir að næsta málþingi félagsins.

Formaður sagði að á fundi með formanni og stjórn Félagi eldri borgara í Reykjavík (FEB), komu fram hugmyndir um málþing þar sem fjallað yrði um húsnæðismál eldra fólks og tengsl þeirra við heilbrigðisþjónustu. Það gæti tengst kynningu á uppbyggingu Aflvaka á Gunnarshólma. Ákveðið var að undirbúa málþing þar sem fjallað verði um leiðir til að minnka álag á Landspítala Vinnuheitið gæti verið „Nýjar lausnir í þjónustu – það er nóg af rúmum heima“ og þessir punktar hefðir að leiðarljósi;

- Húsnæðismál og þjónustu fyrir eldra fólk.
- Fráflæðisvanda Landspítala.
- Lausnir sem geta stutt við að fólk búi lengur heima.
- Heimaspítala og aðrar nýjar þjónustuleiðir.
- Samspil húsnæðis, heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu.

Rætt var að fá eftirfarandi aðila til þátttöku:

- Guðnýju Stelli frá HSS sem myndi segja frá Heimaspítala
- Guðjón nýjan forstjóra SAK sem áður var forstjóri HSA að segja frá nýjungum og áskorunum
- Guðjón formaður MND samtakanna að segja frá nýjum leiðum til að þjónusta fólk sem þarf mikla þjónustu heima
- Sigurð Stefánsson og Pálma V. Jónsson frá Aflaka vegna uppbyggingar á Gunnarshólma

Ákveðið var að hafa pallborðsumræður í lok málþingsins. Stefnt er að því að halda málþingið þann 10. eða 11. nóvember 2026 frá kl. 15:30–17:45.

Stjórnarmenn voru hvattir til að setja frekari hugmyndir inn á Facebook-hóp stjórnarinnar.

4. Kynning á málþingi NLSH

Ingibjörg sagði frá fyrirhuguðu sumarmálþingi þann 11.6.2026 kl. 08.00-10.00 á vegum Nýs Landspítala (NLSH) sem stjórnarmenn hafa fengið tölvupóst um og benti á að erindin þar væru spennandi fyrir stjórnarmenn.

5. Hugmyndir að málþingi eftir áramót

Gunnar Bjarni lagði fram hugmynd að efni fyrir vor málþing þar sem fjallað væri um hvernig efla megi tengingu heilbrigðisþjónustu um allt land.

Til umræðu voru meðal annars:

- Samtenging heilbrigðisstofnana.
- Gagnagrunnar og upplýsingaflæði.
- Sjúkraflug og þjónusta við landsbyggðina.
- Hlutverk Landspítala sem miðju heilbrigðiskerfisins.

Stefnt er að því að halda slíkt málþing eftir áramót, mögulega 9. mars 2027.

6. Fundarskipulag stjórnar

Ákveðið var að:

- Hafa tvo stjórnarfundi í hverjum mánuði.
- Annar fundurinn verði staðfundur og hinn Teams-fundur.
- Fundir verði almennt haldnir á þriðjudögum kl. 17:00.
- Leitast verði við að halda málþing á miðvikudögum.

Fyrsti fundur eftir sumarhlé verður haldinn 25. ágúst 2026.

7. Félagsaðild

Rætt var um leiðir til að fjölga félagsmönnum og efla kynningu á starfsemi félagsins.

8. Fundir með hagaðilum

Framundan eru fundir stjórnar með:

- Heilbrigðisráðherra
- Formanni velferðarráðs Rvk
- Aðilum frá LSH Runólfi Pálssyni, Gunnari Svavarssyni, Lilju Stefánsdóttur, Ásgeiri Margeirssyni, Jóni Hilmarí. Stefna á að hafa í nóvember þá er eitt ár síðan við hédum sambærilegan fund.

Formanni falið að finna hentuga dagsetningu í haust.

Markmið fundar með LSH verður meðal annars að ræða möguleika á samþættari heilbrigðisþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og kanna hvort umræður hafi átt sér stað um aukið samstarf og samhæfingu þjónustu á svæðinu.

9. Fundarslit

Formaður sleit fundi kl. 18:20.

Fundargerð ritaði

Berglind Magnúsdóttir.